



**Héraðsskjalasafn
Árnesinga**



ÁRSSKÝRSLA 2014
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Annáll 2014

Ný lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 voru sett í maí 2014 og leysa af hólmi lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Með gildistöku upplýsingalaga nr. 140/2012 var tekin sú stefna að skipta löggjöf um upplýsingarétt á milli upplýsingalaga annarsvegar og laga um opinber skjalasöfn hinsvegar. Í hinum nýju lögum er kveðið á um að héraðsskjalasöfn séu sjálfstæð opinber skjalasöfn með eftirlitsskyldu gagnvart þeim aðilum sem þangað eru skilaskyldir skv. lögnum. Í lögnum frá 1985 var sjálfstæði héraðsskjalasafnanna aðeins á grundvelli reglugerðar og eftirlitshlutverk framselt af Þjóðskjalasafni Íslands. Gildistaka nýju laganna hefur þar fyrir utan margvísleg áhrif á starfsemi héraðsskjalasafna sem og skilaskyldra aðila á sveitarstjórnarstigi.

Hefðbundin starfsemi héraðsskjalasafnsins, s.s. afgreiðsla erinda og fyrirspurna, skjalaskráning og veitt aðgengi að skjölum á lestrarsal var með mesta móti. Í kjölfar nýrrar lagasetningar var enn meiri tíma en áður varið í eftirlit og ráðgjöf með skilaskyldum aðilum. Skráning skv. alþjóðlegum stöðlum, gerð verkferla og áætlana einfölduðu eftirlit á árinu, en ljóst er að framundan eru stór og krefjandi verkefni. Ljósmyndavefur safnsins *myndasetur.is* er mikið notaður en rúmlega 20.000 nýjar myndir voru settar á vefinn. Í árslok voru 80.000 myndir á vefnum, bæði skráðar og óskráðar.

Fagråd og starfsmenn

Eftir sveitarstjórnarkosningar voru gerðar breytingar á fagráði héraðsskjalasafnsins. Tryggvi Steinarsson ritari stjórnar frá 2006 hætti og er honum þakkað gott samstarf. Svanhvít Hermannsdóttir kom inn í fagråd í stað Tryggva og er hún boðin velkomin til starfa. Formaður fagráðs er áfram Sveinn S. Steinarsson, varaformaður Kjartan Björnsson og ritari Svanhvít Hermannsdóttir.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru fjögur á árinu. Héraðsskjalavörður og skjalavörður í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Músson og Sævar Logi Ólafsson. Starfsmenn í ljósmyndaverkefni voru Guðlaug Jóna Helgadóttir, Jóhann Ólafur Sigurðsson, Atli Már Hreggviðsson og Guðmunda Ólafsdóttir.

Starfsemi og aðbúnaður

Skráning fyrirspurna og erinda auk lána á lestrarsal var með sama hætti og undanfarin ár. Fyrirkomulagið gefur góða mynd af þjónustuhlutverki skjalasafnsins gagnvart sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum, ríki og almenningi. Skráning fyrirspurna gefur auk þess vísbendingar um hvaða skjöl eða skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja betur vörslu frumrita. Í hinum nýju lögum er kveðið á um að mikilsverðum skjölum sé miðlað til almennings og er vinna við miðlun safnkostsins með rafrænum hætti þegar hafin með tilkomu *myndasetur.is*.

Safnastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Ný reglugerð verður

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2015

Ritsjórn: Þorsteinn Tryggvi Músson og

Sævar Logi Ólafsson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Músson.

Prófarkalestur: Jón M. Ivarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd sýnir Hveragerðiskirkju um eða upp úr 1970. Ekki er vitað hver maðurinn á myndinni er. Ljósmyndari Ragna Hermannsdóttir 2003/42 RH 06407.

Baksíðumynd er úr safni Paul Michelsen og sýnir skíðamenn á leið upp fjallshlíð. Ekki er vitað hvar myndin er tekin eða hvaða ár. 1014/1 PM_00125.

ISSN 2298 – 1020

gefn út í kjölfar nýrra laga, en í lögunum er kveðið skýrt á um afhendingarskylda til héraðsskjalasafna. Átaksverkefni sem héraðsskjalasafnið tekur þátt í hefur svo bæði áhrif á afhendingar skilaskyldra og einkaaðila. Meginreglan hefur alltaf verið sú að taka við öllum afhendingum frá einkaaðilum sem héraðsskjalasafninu berast.

Fjöldi gesta sem rituðu nafn sitt í gestabók héraðsskjalasafnsins var 1012 en það er með mesta móti allt frá stofnun héraðsskjalasafnsins fyrir 30 árum.

Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal og afhendingar voru 934, en 1090 árið 2013, 846 árið 2012, 615 árið 2011 og 468 árið 2010.

Afhendingar voru 60 á síðasta ári en 82 árið á undan og 79 árið 2012. Lán á sal voru 110, þarna er aðeins vísað í fjölda lána, ekki fjölda askja eða arka. Beinar fyrirspurnir eða erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 396, en 308 vegna ljósmynda, þ.m.t. aðstoð vegna skráningar á ljósmyndum. 162 fyrirspurnir og erindi komu frá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum. Þar fyrir utan var fjöldi fyrirspurna frá skilaskyldum aðilum tengdar eftirliti og ráðgjöf. Notkun kirkjubóka jókst lítillega á milli ára, en 81 sinni voru kirkjubækur notaðar á árinu vegna ættfræðirannsókna. Eins og þessar tölur bera með sér fer sífellt meiri tími starfsmanna í ýmiskonar þjónustu við notendur héraðsskjalasafnsins.

Á árinu voru skjöl lánuð í millisafnalán vegna ritunar sögu Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis, Verkfræðistofan Efla fékk gögn vegna landamerkjamála, SASS fékk gögn vegna lokunar Skólaskrifstofu Suðurlands og þá voru fengin gögn frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna rannsókna í héraði.

Lýður Pálsson forstöðumaður Byggðasafns Árnesinga rannsakar skjöl tengd Guðmundu Nielsen í skjalasafni Lefolli verslunarinnar á Eyrarbakka.



Opnunartími á lestrarsal var lengdur árið 2013 og gafst sú breyting vel, en lestrarsalurinn er opinn frá 10 – 16 alla virka daga utan miðvikudaga en þá er lokað. Tekið er á móti fyrirspurnum og erindum og þeim svarað alla daga á vinnutíma starfsmanna. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í þrjár vikur. Skráningu afhendinga sem bærust á árinu 2014 var sinnt jafnóðum. Alls bærust 60 afhendingar, eins og áður sagði, samtals 30,61 hillumetrar. Þetta er minna en undanfarin fimm ár. Þar sem geymslur skjalasafnsins eru nærri fullar var ákveðið að taka ekki við nokkrum stórum afhendingum á árinu. Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga bs. var samþykkt aukafjárveiting vegna leigu á fjarageymslu. Fjöldi hillumetra sem skjalasafninu munu berast á árinu 2015 mun því verða með mesta móti. Mikilvægt er að skapa ákveðna festu varðandi afhendingar skilaskyldra aðila og munu skjalasvistunaráætlanir auðvelda allt skipulag varðandi innra starf safnsins sem og í samskiptum við sveitarfélög og undirstofnanir þeirra.

Haldið var áfram að skrá eldri afhendingar í samræmi við alþjóðlega staðla, ISAD-G og ISAAR sem gefnir eru út af Alþjóðlega skjalaráðinu ICA. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara og þau skjöl sem tilheyra viðkomandi afhendingarnúmeri. Þessar upplýsingar eru settar fram í greinargerð sem fylgir hverri afhendingu. Greinargerðir og skjalaskrár eru aðgengilegar almenningi á lestrarsal. Árið 2014 var farið yfir skráningu á afhendingum frá 2006, skráning lagfærð og samræmd þeim kröfum sem settar eru fram í áðurnefndum stöðlum. Nokkrar afhendingar frá 2006 voru frumskráðar. Afhendingar ársins 2006 eru 74, alls 25 hillumetrar. Nú er lokið skráningu á 721 afhendingu frá árunum 2006 – 2014 í samræmi við þessa staðla, samtals 314,34 hillumetrar. Árið 2013 voru þetta 579 afhendingar.



Bréf úr afhendingu 2014/51 Þórdís og Ólaf Simonardætur. Þórdís er landskunn ljósmóðir en Eyrún Ingaðóttir ritaði ævisögu Þórdísar, Ljósmóðirin. Þórdís var ljósmóðir á Eyrarbakka fyrir og eftir aldamótin 1900 þar sem hún barðist m.a. gegn yfirgangi og kúgun valdsmanna í þorpinu.


Ljóst er að rannsóknir starfsmanna á safnkostinum þarf að auka enn frekar – rannsóknir bæta skráningu skjalasafna, yfirsýn yfir safnkostinn og munu þá auðvelda aðgengi að skjölum. Samhliða þarf að leggja rækt við hlutverk héraðsskjalasafnsins sem fræðamiðstöðvar í héraði.

Sex afhendingar, alls 2,11 hillumetrar fengu safnmark 1014/ auk afhendingarnúmers en ekki er vitað hvenær þær bærust safninu. Skráning skjalasafna og gerð greinargerða var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavardar.

Endurskipulagningu í skjalageymslum safnsins og frumfrágangi á eldri afhendingum var að mestu lokið á árinu, en sú vinna hófst haustið 2011. Þetta verkefni reyndist mun umfangsmeira en talið var í fyrstu, en nauðsynlegt ef skrá á allan safnkostinn í samræmi við áðurnefnda staðla. Með þessu er tryggt að allar afhendingar fá eigið afhendingarnúmer um leið og hægt er að rekja uppruna þeirra. Ávinningur af þessari vinnu er margþættur, fyllra yfirlit fæst yfir safnkostinn, fjölda afhendinga, ástand þeirra auk þess sem öll leit verður einfaldari. Þá skiptir miklu að afhendingar stemmi við afhendingarnúmer og að skráning sé með þeim hætti að sömu upplýsingar séu skráðar með sama hætti í öllum tilfellum. Dæmi eru um að eitt og sama afhendingarnúmer hafi verið notað á afhendingar ólíkra skjalamyndara en það samræmist ekki þeim kröfum sem settar eru fram í fyrrnefndum stöðlum.

Vinna við endurskráningu opnar einnig á þann möguleika að gera aðfangabók og eða skjalaskrár aðgengilegar á vefsíðu héraðsskjalasafnsins t.d. sem pdf skjöl. Ef horft er til framtíðar er sú vinna innlegg í birtingu á skjalaskrá héraðsskjalasafnsins í samvinnu við önnur söfn eða gagnaveitur. Aðgengi að skjalaskrá á pappír eða

Verslunarbækur Dags Dagssonar í *Daddabúð*, Verslunin Ingóflur. Dagur rak verslunina frá 1947 til 2005, lengst af að Austurvegi 34, í húsi sem hann byggði ásamt systkinum sínum. Dagur og Ingibjörg, systir hans, bjuggu í íbúðarhúsi sem var áfast verslunarhúsnæðinu, en Ingibjörg starfaði lengst af á Pósti og Síma á Selfossi.



rafrænu formi hefur auðveldað aðgengi almennings og fræðimanna að safnkosti héraðsskjalasafnsins, en á sama tíma er ljóst að flestar fyrirspurnir þurfa eftir sem áður að fara í gegnum hendur starfsmanna safnsins. Þekking starfsmanna á safnkostinum, á innra samhengi afhendinga, á stjórnslu o.s.frv. er lykillinn að mörgum skjalasöfnum og þá að þeim spurningum sem leitað er svara við.

Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi tóku virkan þátt í starfi Félags héraðsskjalavarda á Íslandi á árinu. Meginhlutverk félagsins er að styðja við héraðsskjalasöfnin, starfsmenn þeirra og þá vinnu sem þar fer fram. Félagið fagnaði fimm ára starfsafmæli á árinu, en fjórða ráðstefna þess var að þessu sinni haldin í Vestmannaeyjum. Félagið hélt eins og undanfarin ár fjölda funda fyrir starfsmenn héraðsskjalasafnanna þar sem ýmis mál er varða eftirlit og ráðgjöf, skráningu og frágang voru rædd. Umræða vegna nýrrar lagasetningar um opinber skjalasöfn var mikil. Félag héraðsskjalavarda á Íslandi sendi athugasemdir og þá sendi héraðsskjalavörður inn athugasemdir ásamt héraðsskjalaverði Skagfirðinga. Stjórn Félags héraðsskjalavarda var boðuð á fund Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis á vordögum þar sem stjórninni gafst tækifæri til að útskýra afstöðu sína til lagafrumvarpsins. Miklu skiptir hve skýrt er kveðið á um sjálfstæði héraðsskjalasafna í hinum nýju lögum og þ.a.l. sjálfstæði sveitarfélaganna sem standa að rekstri safnanna. Þetta á einnig við um eftirlitshlutverk héraðsskjalasafnanna og skilaskyldu opinberra aðila á héraðsskjalasöfn. Þá er ljóst að rekstarleyfi héraðsskjalasafnanna þarf að endurnýja eftir að reglugerð um starfsemi þeirra hefur verið gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Stýrihópur um gerð gátlista vegna eftirlits héraðsskjalasafna með afhendingarskyldum aðilum var settur á fót 23. maí. Sævar Logi tók þátt í starfi hópsins ásamt starfsmönnum frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur og héraðsskjalasöfnun-

um í Kópavogi, á Akureyri og Egilsstöðum. Hópurinn vann að gerð gátlista sem kynntur var á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarda í Vestmannaeyjum. Vinna hópsins mun nýtast héraðsskjalasöfnunum 20 við eftirlit með skilaskyldum aðilum. Þá er verið að skoða ýmsar leiðir varðandi fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits en áhersla verður lögð á samvinnu á milli héraðsskjalasafnanna í því sambandi.

Alþjóðlegi skjaladagurinn er 9. júní ár hvert. Í tilefni dagsins stóð Félag héraðsskjalavarda fyrir málþingi um skjalavörslu sveitarfélaga fyrir starfsmenn safnanna. Málþingið var haldið á Selfossi og sent út í fjarfundarbúnaði. Félagið stóð einnig fyrir átaki um skjalavörslu leikskóla á landsvísi. Á málþingi í desember var skjalavistunaráætlun fyrir leikskóla í Árnessýslu kynnt fyrir starfsmönnum annarra héraðsskjalasafna og leikskólastjórnum víða um land. Auk þess sem starfsmenn Borgarskjalasafns kynntu áætlun Reykjavíkurborgar.

Samráðshópur Félags héraðsskjalavarda um langtímavarðveislu rafrænna skjala kom saman á nokkrum fundum á árinu, en Þorsteinn Tryggvi er í hópnum ásamt

Hrafn Sveinbjarnarsyni, héraðsskjalaverði Kópavogs og Svanhildi Bogadóttur, borgarskjalaverði. Horfa þarf til margra þátta þegar hugað er að framkvæmd langtíma-
vörslu rafrænna gagna, stærð skjalmyndara á sveitarstjórnarstiginu ræður miklu, áreiðanleiki þeirra gagna sem varðveita á rafrænt og kostnaður svo dæmi séu tekin. Héraðsskjalasöfn og sveitarfélög þurfa að nálgast þetta verkefni af skynsemi og ráðdeild. Virða



Þorsteinn Tryggvi fer yfir skjöl í geymslu Hveragerðisbæjar en skjölin voru síðan afhent á héraðsskjalasafnið.

þarf sjálfstæði sveitarfélaga og tryggja að aðgengi að skjölum þeirra sé á forræði sveitarfélaganna sjálfra, þ.e. héraðsskjalasafna sem sveitarfélögin eiga aðild að.

Félag héraðsskjalavarda heldur úti heimasíðunni www.heradsskjalasafn.is. Ritstjórar vefsins frá byrjun eru Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi Másson.

Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins voru einnig í deiglu á árinu. Starfsaðstöðu er löngu tímabært að bæta svo og aðstöðu gesta á lestrarsal. Þá fékkst aukafjárheimild til leigu á fjargeymslu fyrir skjalasafnið þar sem geymslur í húsnæði þess að Austurvegi 2 eru nærri fullar.

Eftirlit og ráðgjöf

Talsverðum tíma var varið í eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu sveitarfélaga og undirstofnana þeirra á árinu. Bréfalykill/málalykill fyrir Hveragerðisbæ var samþykktur 9. maí, en gerð lykilsins var samvinnuverkefni starfsmanna Hveragerðisbæjar og héraðsskjalasafnsins. Tvær af átta sveitarstjórnarskrifstofum eru enn ekki með samþykktu málalyklu.

Nokkrum tíma var varið í að fullvinna skjalavistunaráætlanir fyrir grunnskóla í sýslunni. Sú vinna hófst 2010 í kjölfar ráðstefnu Félags héraðsskjalavarda um skjalavörslu leik- og grunnskóla, en haustið 2012 voru fyrstu drög að skjalavistunaráætlun kynnt fyrir skólastjórnendum þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins, lagaskyldu, meginmarkmið og tilgang. Tilraunaverkefni var sett á fót í samstarfi við skólastjórnendur í Vallaskóla á Selfossi veturinn 2012 – 2013 og verkefnið kynnt í nokkrum skólum í sýslunni. Framhald var á þessari vinnu síðasta skólaár og þá tók stærri hópur kennara þátt í verkefninu. Lítillsháttar breytingar voru gerðar á skjalavistunaráætlun Vallaskóla á milli ára í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst í upphafi. Næstu skref eru að

ljúka innleiðingu og tryggja að skjalavarsla allra starfsmanna skólans sé í samræmi við skjalavistunaráætlun.

Fyrirspurnum frá sveitarfélögum hefur fjölgað á undanförnum árum. Nokkur tími hefur farið í gagnaoeflun og rannsóknir í sambandi við þessar fyrirspurnir. Yfirgripsmikil þekking á nærsamfélaginu og stjórnarsýslu auðveldar þessa vinnu og gerir hana ódýrari og skilvirkari en ella fyrir báða aðila.

Eins og áður eru stærstu afhendingarnar frá skilaskyldum aðilum – um helmingur af fjölda afhendinga, en ef horft er til fjölda hillumetra þá er hlutfallið yfir 90% af samanlögðum hillumetraffjölda. Meginreglan er sú að starfsmenn héraðsskjalasafnsins aðstoða skilaskylda aðila með margvíslegum hætti skv. nánara samkomulagi hverju sinni. Í mörgum tilfellum ná starfsmenn skjalasafnsins í skjölin, skrá, flokka og ganga frá þeim í geymslur. Þessa vinnu greiða sveitarfélögin sérstaklega fyrir. Þetta fyrirkomulag styrkir sambandið á milli sveitarfélaganna og skjalasafnsins og mun nýtast enn betur í framtíðinni þegar skjalasafnið fer að sinna lögbundnu eftirliti.



Í einni af skjalageymslum safnsins. KLUG öskjur frá Þýskalandi eru núna notaðar og mikið vinna framundan við að umpakka eldri afhendingum í viðeigandi umbúðir.



Myndasetur.is, forsiða vefsins. Óhætt er að fullyrða að aðsókn að vefnum hefur farið fram úr björtustu vonum. Flettingar á vefnum skipta þúsundum dag hvern.

Miðlun

Í 20. gr. hinna nýju laga um opinber skjalasöfn er kveðið á um miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna. Þetta má gera á vef eða með öðrum hætti og veita um leið fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu safnanna. Það er óhætt að fullyrða að þetta er krefjandi verkefni sem hægt er að sinna með margvíslegum hætti. Á ljósmyndavef skjalasafnsins eru mikilsverðar heimildir um þróun byggðar og búsetuhátta og ljóst að þetta form er einstaklega hentugt þegar kemur að því að miðla myndrænu efni. Ætlunin er að setja aðfangaskrá og skjalaskrár einnig á vefinn á pdf formi. Forstöðumenn nokkurra héraðsskjalasafna hafa rætt um mögulegt samstarfsverkefni þar sem gjörða- og/eða virðingabækur eru gerðar aðgengilegar annaðhvort á sameiginlegum vef eða vefjum safnanna sjálfra.

Sýning tileinkuð Þórdísi Símonardóttur Ljósmodur á Eyrarbakka var fram haldið í Húsinu á Eyrarbakka. Skjöl í vörslu skjalasafnsins voru ýmist lánuð eða afrituð á sýninguna. Á húsavef Sveitarfélagsins Árborgar voru ljósmyndir úr vörslu safnsins og þá voru heimildir á safninu notaðar við textagerð í þessu sambandi, en verkefnið var samvinnuverkefni sveitarfélagsins og skjalasafnsins. Þá voru ljósmyndir úr safni Rögnu Hermannsdóttur á sýningu Þjóðminjasafns Íslands *Betur sjá augu en auga* þar sem gaf að líta ljósmyndir íslenskra kvenna á tímabilinu 1872-2013.

Facebook síða héraðsskjalasafnsins var notuð jöfnum höndum til að sýna ljósmyndir. Eins og áður bærust fjölmargar ábendingar sem bættu enn frekar skráningu á ljósmyndasöfnum. Föstudagsmyndirnar svokölluðu vekja jafnan mikla eftirtekt, eru ódýr auglýsing og um leið góð kynning á ljósmyndaverkefninu. Þá voru ljósmyndir úr vörslu skjalasafnsins til sýnis á Sunnlenska sveitadeginum 3. maí.

Starfsmenn Borgarskjalasafns, Héraðsskjalasafns Kópavogs, Skóga, Egilsstaða, Árnesinga og Mosfellsbæjar að loknu málþingi um skjalavörslu sveitarfélaga sem haldið var í Fjölheimum á Selfossi.



Aðventusýning skjalasafnsins opnaði 1. desember, en þetta er í fimmta skipti sem ljósmyndir í vörslu safnsins eru til sýnis með þessum hætti, þ.e. á 3 x 2 metra tjaldi. Þarna var sýnt brot af þeim mikla fjölda mynda sem afhentar hafa verið á skjalasafnið allt frá upphafi. Sýningin er útsýning þar sem gestir og gangandi geta skoðað myndir á leið sinni fram hjá skjalasafninu í miðbæ Selfoss.

Í tengslum við opnun Safnahelgar á Suðurlandi í nóvember kynntu Bókasafn Ölfuss, Byggða-, Lista- og Héraðsskjalasafnið starfsemi sína fyrir nemendum nokkurra bekkjardeilda í Grunnskólanum í Porlákshöfn. Kynningin tókst vel og stefnt er að því að fara í frekara samstarf við grunnskóla í sýslunni. Á Safnahelginni voru 20.000 nýjar ljósmyndir settar vef safnsins, *myndasetur.is*. Nú eru rúmlega 80.000 ljósmyndir á ljósmyndavefnum.

Námskeið og fundir

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins sóttu ýmis námskeið og fundi á árinu, auk þess að koma að skipulagningu námskeiða og fræðslu með ýmsum hætti. Þátttaka af þessu tagi er mikilvægur hluti af símenntun starfsmanna skjalasafnsins.

16. maí stóð Þjóðskjalasafn Íslands fyrir fundi héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns í Endurmenntun Háskóla Íslands. Staða verkefnis um samskrá yfir einkaskjalasöfn var kynnt en skrá með öllum einkaskjalasöfnum í vörslu héraðsskjalasafnsins hafði áður verið send Þjóðskjalasafni. Gangi allt eftir mun samskráin opna á vefslóðinni *einkaskjalasafn.is* í mars 2015. Nokkuð var rætt um samráðshóp héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns, möguleg verkefni hópsins, skipan hans o.s.frv. Félag héraðsskjalavarða á Íslandi er fagfélag og af þeim sökum mikilvægt að félagið, héraðsskjalasöfnin og Þjóðskjalasafn séu á jafnréttisgrundvelli hluti af slíkum samráðshópi. Sjálfstæði skjalasafnana í ljósi hinnar ný lagasetningar þarf að virða.



Ráðstefnugestir á Vestnorrænu skjaladögum í Nuuk á Grænlandi stilla sér upp við aðalinnangang háskólans, Ilimmarfik.

Drög að skýrslu um eftirlitsheimsóknir á héraðsskjalasöfnin á árunum 2010 – 2012 vöktu hörð viðbrögð. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan starfsmenn Þjóðskjalasafns heimsóttu skjalasöfnin og á sama tíma hefur Félag héraðsskjalavarða á Íslandi lyft grettistaki þegar kemur að endurmenntun og aukinni fagvitund starfsmanna á héraðsskjalasöfnunum um land allt með ráðstefnum, samráðsfundum, leiðbeiningum og upplýsingagjöf á símafundum og heimasíðu félagsins. Þá var rætt um tölfærði fyrir skjalasöfn, ríkisstyrki til héraðsskjalasafna og um rafræna skjalaskrá Þjóðskjalasafns. Miklu skiptir að skráning skjala sé samræmd og sé í samræmi við alþjóðlega staðla ef gera á skjalaskrár aðgengilegar í samskrám. Í árslok eru allar afhendingar á Héraðsskjalasafni Árnesinga á árabílinu 2006 – 2014 skráðar í samkvæmt ISAD-G staðlinum og því hægt án mikils tilkostnaðar að gera þær aðgengilegar með þessum hætti. Því má ekki gleyma að skjalaskrárnar hafa og eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins og þá um leið hægt að leita ráða hjá starfsmönnum til að lesa út úr skránum ef þess þarf.

Í tilefni af alþjóðlega skjaladeginum 9. júní, stóð Félag héraðsskjalavarða fyrir málþingi um skjalavörslu sveitarfélaga fyrir starfsmenn héraðsskjalasafnanna. Fjallað var um niðurstöður könnunar Borgarskjalasafns Reykjavíkur á ástandi skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg, auk stöðu skjalavörslu almennt á sveitarstjórnarstiginu. Ræddar voru tillögur um aðgerðir, eftirlit með skjalavörslu og framkvæmd þess. Málþingið var haldið í Fjölheimum á Selfossi og sent út í fjarfundarbúnaði og tóku starfsmenn flestra héraðsskjalasafna þátt og sköpuðust líflegar umræður.

Vestnorrænu skjaladagarnir voru að þessu sinni haldnir í Nuuk á Grænlandi daganna 25. – 28. ágúst. Skjalaverðir frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Íslandi báru saman bækur sínar, en þetta var í sjötta skipti sem Vestnorrænu skjaladagarnir

ir voru haldnir. Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi voru báðir þátttakendur auk starfsmanna frá sjö öðrum héraðsskjalasöfnum. Þorsteinn Tryggvi flutti tvö erindi, annað um lögbundið hlutverk skjalasafna og sýn almennings á skjalasöfn, hitt um skjalasöfn hreppstjóra og skráningu á þeim. Meginþemu ráðstefnunnar voru; hlutverk skjalasafna í nútímasamfélagi, stjórnvísingur og rannsóknir á skjalasöfnum, öryggismál, skjalamyndum og skjalavarsla opinberra aðila. Óhætt er að fullyrða að vel tókst til hjá skipuleggjendum ráðstefnunnar, dagskráin metnaðarfull, gestrisni Grænlandinga ósvikin og grænensk náttúra lét engan ósnortinn.

Fjórdi ráðstefna Félags héraðsskjalavörðna var að þessu sinni haldin í Vestmannaeyjum, í Eldheimum, dagana 25. og 26. september. Meginþema ráðstefnunnar var ný lagasetning og áhrif laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn á starfsemi héraðsskjalasafnanna. Fyrri daginn fjallaði Hrafn Sveinbjarnarson um aðdraganda og tilurð hinna nýju laga. Sonja Wium lögfræðingur og Svanhildur Bogadóttir fluttu erindi um áhrif laganna á starfsvið opinberra skjalasafna, og stýrihópur um eftirlit fjallaði um áhrif laganna á eftirlitshlutverk og leiðbeiningarskyldu. Þá var móttaka í Sagnheimum og Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja heimsótt.

Seinni daginn fluttu Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir héraðsskjalavörður Akraness og Þorsteinn Tryggvi erindi um stefnumótun í ljósi nýrrar lagasetningar - hvernig munu héraðsskjalasöfnin starfa í framtíðinni. Fjallað var um starfsemi Félags héraðsskjalavörðna, heimasíðu þess og upplýsingagjöf. Þá var farið í vinnu varðandi mat á stöðu héraðsskjalasafnanna, ýmis aðkallandi verkefni reifuð og drög að vinnu við hvítbók um skjalavörslu sveitarfélaga og héraðsskjalasafna rædd. Tækifærið var notað til að skoða Eldheima, glæsilegt safn Vestmanneyinga. Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja og Jónu Björgu Guðmundsdóttur héraðsskjalavörði eru færðar bestu þakkir fyrir gestrisnina.

Aðalfundur Félags héraðsskjalavörðna á Íslandi var haldinn að kvöldi hins 25. september en stjórn félagsins skipa að þessu sinni: Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir héraðsskjalavörður Akraness, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs, Snorri Guðjón Sigurðsson, héraðsskjalavörður Þingeyinga, Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi Másson.

Þann 3. desember stóð Félag héraðsskjalavörðna fyrir málþingi um skjalavörslu leikskóla. Sævar Logi kynnti skjalavörsluáætlanir fyrir leikskóla í Árnessýslu fyrir héraðsskjalavörðum og leikskólastjórum, en fundurinn var sendur út í fjarfundarbúnaði og var vel sóttur.

Ljósmyndaverkefni

Héraðsskjalasafn Árneseinga og héraðsskjalasöfnin á Egilsstöðum og á Sauðárkróki fengu úthlutað 15.000.000 krónum á fjárlögum til atvinnuskapandi verkefnis við skönnun og skráningu á ljósmyndum árið 2014, líkt og undanfarin ár. Forsaga verkefnisins nær aftur til ársins 2010.



Jóhann Ólafur Sigurðsson starfsmaður í ljósmyndaverkefnis við skönnun á ljósmyndum.

Opnun ljósmyndavefsins, myndasetur.is árið 2013 markaði tímamót í sögu skjalasafnsins. Sýnileiki safnsins út á við gerbreyttist með tilkomu vefsins og eins var greinilegt að almenningur hafði mikinn áhuga á því að skoða afrakstur verkefnisins. Miklar breytingar hafa verið gerðar á vefnum, uppbyggingu og leitarbærni á þessum tæpu tveimur árum sem vefurinn hefur verið opin. Sú vinna hefur verið tímafrekari en búist var við í fyrstu og ljóst að nokkur kostnaður fylgir nauðsynlegum breytingum varðandi ýtarleit og meiri hraða. Á næstu árum er einnig mikilvægt að nýta aðra möguleika sem vefurinn býður upp á, s.s. að setja aðfangabók og skjalaskrár safnsins inn á vefinn.

Fjórir starfsmenn voru ráðnir til skjalasafnsins í tengslum við verkefnið á árinu í tvö stöðugildi, þau: Guðlaug Jóna Helgadóttir, Jóhann Ólafur Sigurðsson, Atli Már Hreggviðsson og Guðmunda Ólafsdóttir. Umsjón og stjórnun var eftir sem áður í höndum Sævars Loga og Þorsteins Tryggva. Samanlagt eru þetta u.þ.b. 2,4 stöðugildi á ársgrundvelli. Auk 15.000.000 króna styrks Mennta- og menningarmálaráðuneytis styrkir Sveitarfélagið Árborg og Menningaráð Suðurlands verkefnið af miklum myndarskap. Velvilji og framsýni þessara aðila hefur skipt sköpum fyrir verkefnið og ber að þakka sérstaklega.

Strax í upphafi var ákveðið að samræma verkferla við skönnun og skráningu á skjalasöfnunum þremur. Tryggja þarf að skönnun, hið rafræna eintak af filmunni sé í bestu mögulegum gæðum. Forvarsla ljósmynda er flókin og mikilvægt að hafa í huga þann möguleika sem felst í því að notast eingöngu við afrit, þ.e. rafræn eintök sem hægt er að lagfæra ef þess er krafist.

Fjöldi samráðsfunda í tengslum við verklag, skráningu, birtingu og leitarbærni voru haldnir og lagður grunnur að samstarfi við Landskerfi bókasafna um birtingu á

myndum inni vefgáttinni *leitir.is*. Sú vinna er enn á frumstigi þar sem verið er að skoða ýmsar tæknilegar útfærslur.

Tómas Jónsson notaði um 1000 klukkustundir við skráningu á ljósmyndasafni sínu og kunnum við Tómasi bestu þakkir fyrir frábært starf. Líkt og undanfarin ár hefur fjöldi gesta lagt okkur lið, í því sambandi má sérstaklega nefna þá Garðar og Gunnar Einarssyni. Sigurbjörgu Eyjólfsdóttur og Ólaf Guðmundsson.

Selfoss Suðurland er fréttablað sem dreift er í 9.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi. Á árinu voru birtar fjöldi mynda, ýmist af óþekktum einstaklingum,

bæjum, kirkjum eða stöðum og gaf það ágæta raun.

Á árinu 2014 voru alls skannaðar inn 17.417 ljósmyndir, en 35.408 myndir voru skráðar. Samtals er þá búið að skanna 102.047 ljósmyndir og skrá 91.891. Skjalasafninu bárust nokkur ljósmyndasöfn á árinu en engin stór filmu-

söfn. Nú þegar sér orðið fyrir endann á ljósmyndaverkefningu er ljóst að enn er mikið verk óunnið. Tryggja þarf með einhverjum hætti að stór og gagnmerk ljósmyndasöfn endi ekki í glatkistunni heldur séu afhent aðilum sem hafa bæði fag- og tæknipækkingu til að geta tryggt vörslu þessara safna og aðgengi að þeim.

Í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg voru hönnuð tvö ljósmyndaskilti, 130x150 sm sem sett voru upp á Stokkseyri og sýna höfnina og fiskvinnslu. Nú prýða 20 skilti frá skjalasafninu Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyri. Á skiltunum er brugðið upp svipmyndum úr bæjarlífinu; s.s. af félags- og tómstundastarfi, vinnustöðum og íþróttaiðkun bæjarbúa.

Stofnbúnaður og tæknimál

Gagnaöryggi var bætt enn frekar á árinu og eru rafræn gögn, bæði skrár og ljósmyndir varðveitt í eldvörðum geymslum skjalasafnsins sem og utan þess auk þess sem öryggisafritun er stöðugt í gangi. Öll skjalavarsla er eftir sem áður á pappírformi og skjöl prentuð út á pappír og skráð.

Viðhaldi á og vél- og hugbúnaði var sinnt með reglubundnum hætti og tryggt að öryggi gagna sé ekki stefnt í hættu af þeim sökum. Framundan er nokkur endurnýjun, sérstaklega á hugbúnaði, símkerfi og ýmsum tölvubúnaði á starfsstöðvum.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2014

Rekstrartekjur safnsins voru 28.964.076 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 29.486.216 kr. Tap fyrir fjármagnsliði er 522.140. Fjármagnsliðir samtals 467.551 kr. Tap ársins er 54.589 kr.

	2014 SKJALASAFN	2014 ÁÆTLUN	2013 SKJALASAFN
--	--------------------	----------------	--------------------

Rekstrartekjur:

HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	17.300.000	17.300.000	14.950.000
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS	665.352	760.000	728.711
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS LJÓSM.	5.000.000	5.000.000	5.000.000
MENNINGARRÁÐ SUÐURLANDS	1.000.000	1.000.000	1.300.000
SELD ÞJÓNUSTA	1.071.464	1.200.000	1.011.560
SELDAR VÖRUR	267.260	0	139.130
SV. ÁRBORG STYRKUR	2.700.000	2.700.000	2.530.744
HÚSALEIGUTEKJUR	460.000	0	600.000
SAMTALS	28.964.076	27.960.000	26.260.145

Rekstrargjöld:

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	23.993.392	24.529.500	21.796.013
ANNAR REKSTRARKOSTN.	5.492.824	4.049.000	4.635.469
STOFNBÚNAÐUR	0	380.000	0
FRAMLAG ARFS TIL REKSTAR	0	(1.000.000)	0
AFSKRIFTIR	0	0	290.625
SAMTALS	29.486.216	27.958.500	26.722.107

(TAP), HAGNAÐUR

FYRIR FJÁRMAGNSLIÐI	(552.140)	1.500	(461.962)
---------------------	------------	-------	------------


VAXTATEKJUR	481.460	0	743.401
VAXTA- OG FÆRSLUGJÖLD	(13.909)	0	(8.728)
SAMTALS	467.551	0	734.673

HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	(54.589)	1.500	272.711
------------------------------	------------------	--------------	----------------

Fagræð og starfsmenn skjalasafnsins: Sævar Logi Ólafsson, Jóhann Ólafur Sigurðsson, Guðlaug Jóna Helgadóttir, Þorsteinn Tryggvi Másson, Tryggvi Steinarsson, Sveinn S. Steinarsson og Kjartan Björnsson.



Frá Húsmæðra- skólunum að Laugarvatni. Myndirnar eru líklega teknar fyrirhluta þess tíma er Jensína Halldórsdóttir var skólastjóri, en hún gegndi því embætti allt frá 1952-1986, utan vetursins 1969-1970 þegar hún var í námsleyfi. Á efri myndinni má sjá námsmeyjar við eldhústörf. Á þeirri neðri við þvotta. Myndirnar eru báðar úr safni Húsmæðraskólans 2005/1 HS 00069 og 2005/1 HS 00067.



Annað af tveimur skiltunum sem sett voru við bryggjuna og Hólmarastarhúsið á Stokkseyri fyrir Bryggjuhátiðina.

Höfnin á Stokkseyri Stokkseyri harbour

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2014

Fremst í skránni er afhendingarnúmer hverrar afhendingar. Þá fylgir heiti skjalasafns, umfang í hillumetrum og nafn þess sem afhenti. Fullunnar skjalaskrár liggja frammi á lestrarsal héraðsskjalasafnsins.

- 2014/1 GEIR BALDURSSON, LJÓSMYND. 0,01 hillumetri – Geir Baldursson afhenti.
- 2014/2 SAMBAND UMFERÐARÖRGGISNEFNDÁ SUÐURLANDI. 0,03 hillumetrar – Samband umferðaröryggisnefnda á Suðurlandi afhenti.
- 2014/3 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN, LJÓSMYNDIR. 0,08 hillumetrar – Sögu- og minjanefnd HSK, Engilbert Olgeirsson afhenti.

- 2014/4 HÉRAÐSNEFND Árnesinga bs. 0,03 hillumetrar – Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingafulltrúi afhenti.
- 2014/5 KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR. 0,03 hillumetrar – Kristín Stefánsdóttir afhenti.
- 2014/6 STOKKSEYRINGAR Í SMÍÐJUM KÁ. 0,03 hillumetrar – Anna Guðrún Bjarnardóttir, Holti afhenti.
- 2014/7 SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS. 1,65 hillumetrar – Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga afhenti.
- 2014/8 HÖRÐUR B. THORARENSEN. 0,03 hillumetrar – Guðrún Thorarensen afhenti.
- 2014/9 LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR. 0,95 hillumetrar – Eygló Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri afhenti.
- 2014/10 RJÓMABÚIÐ BAUGSSTÖÐUM. 0,22 hillumetrar – Bygðasafn- og Héraðsskjalasafn Árnesinga afhentu.

- 2014/11 VALLASKÓLI. 2,75 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur H. Gunnarsson deildarstjóri afhenti.
- 2014/12 LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR. 0,60 hillumetrar – Helga Geirmundsdóttir leikskólastjóri afhenti.
- 2014/13 FÉLAG ELDRI BORGARA Á SELFOSSI. 0,03 hillumetrar – Sigríður J. Guðmundsdóttir, formaður afhenti.
- 2014/14 UNGMENNAFÉLAG SELFOSS. 6,15 hillumetrar – Ungmennafélag Selfoss, Gissur Jónsson framkvæmdastjóri afhenti.
- 2014/15 SPÓARIMI 27 – TEIKNINGAR. 0,05 hillumetrar – Eysteinn Ó. Jónasson afhenti.
- 2014/16 NÁMSKEIÐ LEIKSKÓLASTARFSMANNA Á SUÐURLANDI. 0,03 hillumetrar – Helga Geirmundsdóttir, leikskólastjóri afhenti.
- 2014/17 HÚSATÓFTIR Á SKEIÐUM OG HROSSARÆKARSAMBAND SUÐURLANDS. 0,06 hillumetrar – ekki vitað hver afhenti – sett ómerkt í póstkassa héraðsskjalasafnsins.
- 2014/18 HVERAGERÐISBÆR. 3,30 hillumetrar – Hveragerðisbær, Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri afhenti.
- 2014/19 UNGMENNAFÉLAGIÐ HVÖT. 0,03 hillumetrar – Böðvar Pálsson, Búrfelli afhenti.
- 2014/20 KVENFÉLAG ÞORLÁKSHAFNAR. 0,03 hillumetrar – Kvenfélag Þorlákshafnar, Edda Laufey Pálsdóttir afhenti.
- 2014/21 VELFERÐASVIÐ HVERAGERÐISBÆJAR. 1,70 hillumetrar – María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri afhenti.
- 2014/22 UNNARHOLT. 0,03 hillumetrar – Halldóra Ásmundsdóttir afhenti.
- 2014/23 SKÁLDABÚÐIR. 0,03 hillumetrar – Guðný Gunnarsdóttir afhenti.
- 2014/24 GUÐBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,01 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.
- 2014/25 SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2014. 0,06 hillumetrar – Héraðsskjalasafn Árnesinga afhenti.
- 2014/26 BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI. 6,0 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Magnús J. Magnússon, skólastjóri afhenti.
- 2014/27 BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA. 0,55 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Magnús J. Magnússon, skólastjóri afhenti.

- 2014/28 GRUNNSKÓLINN Á STOKKSEYRI. 0,80 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Magnús J. Magnússon, skólastjóri afhenti.
- 2014/29 FLÚÐASKÓLI, SÉRKENNSLA. 0,30 hillumetrar – Flúðaskóli, Kolbrún Haraldsdóttir, deildarstjóri sérkennslu afhenti.
- 2014/30 VERSLUNIN INGÓLFUR. 0,70 hillumetrar – Þórlaug Bjarnadóttir afhenti.
- 2014/31 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2014/32 INGIMUNDUR MARELSSON – LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetrar – Ingimundur Marelsson afhenti.
- 2014/33 GUÐBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.
- 2014/34 STEFÁN STEFÁNSSON, Í HLIÐI OG FJÖLSKYLDA. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson afhenti.
- 2014/35 RÆKTUNARSAMBANDI EYRBYGGJA. 0,23 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson afhenti.
- 2014/36 HERMANN ØSTERBY – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Leif Østerby afhenti.
- 2014/37 HÓLMFRÍÐUR JÓHANNSDÓTTIR OG JÓNAS GUÐNASON. 0,25 hillumetrar – Kristján Hannesson afhenti.
- 2014/38 ÁRNI G. JÓNASSON, GARÐYRKJUMAÐUR. 0,60 hillumetrar – Kristján Hannesson afhenti.
- 2014/39 LEIKSKÓLINN ÁSHEIMAR. 0,06 hillumetrar – Leikskólinn Jötunheimar, Kristín Ólafsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri afhenti.
- 2014/40 GRÍMSNESHREPPUR. 0,16 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur, Gunnar Þorgeirsson oddviti afhenti.
- 2014/41 FJALLSKIL GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS. 0,08 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur, Gunnar Þorgeirsson, oddviti afhenti.
- 2014/42 FÉLAGSHEIMILIÐ BORG. 0,03 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur, Gunnar Þorgeirsson, oddviti afhenti.
- 2014/43 FRÆÐSLUNEFND GRÍMSNESFRÆDSLHÉRAÐS. 0,03 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur, Gunnar Þorgeirsson, oddviti afhenti.



Austurvegur á Selfossi. Núpur, Gamli bankinn, Kaupfélagshúsið, Hlaðir, Landsbankinn o.fl. hús. Stór hluti af þessari götumynd er ekki lengur til staðar. Ljósmyndari Tómas Jónsson. 2010/45 TJ 02732.

- 2014/44 LEIKSKÓLINN LEIKHOLT. 1,5 hillumetrar – Sigríður Birgisdóttir, leikskólastjóri afhenti.
- 2014/45 VALLARHJÁLEIGA Í GAULVERJABÆJARHREPPI. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri afhenti.
- 2014/46 LEIKSKÓLINN ÁLFABORG. 0,65 hillumetrar – Elfa Birkisdóttir, leikskólastjóri afhenti.
- 2014/47 LEIKSKÓLINN ÁRBÆR. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, fræðslusvið Ásthildur Bjarnadóttir afhenti.
- 2014/48 LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR. 0,06 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, fræðslusvið Ásthildur Bjarnadóttir afhenti.
- 2014/49 HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA. 0,08 hillumetrar – Héraðsnefnd Árnesinga bs. Halla Guðmundsdóttir ritari afhenti.
- 2014/50 LISTASAFN ÁRNESINGA. 0,03 hillumetrar – Listasafn Árnesinga, Inga Jónsdóttir afhenti.
- 2014/51 ÞÓRÐIS OG ÓLÖF SÍMONARÐÆTUR. 0,06 hillumetrar – Byggðasafn Árnesinga, Lýður Pálsson afhenti.
- 2014/52 INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR, LJÓSMÓÐIR. 0,03 hillumetrar – Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Bára Stefánsdóttir héraðsskjalavörður afhenti.

- 2014/53 BRUNABÓTAMATSMÁÐUR GRÍMSNESHREPPS. 0,03 hillumetri – Kristín C. Chadwick afhenti.
- 2014/54 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2014/55 ÁVEITAN. 0,03 hillumetrar – Ungmennefélagin Baldur, Samhygð og Vaka afhentu.
- 2014/56 BLÁSKÓGAFRÉTTIR. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.
- 2014/57 ELJAN. 0,03 hillumetrar – Þjónustuskrifstofa Stéttarféлага á Suðurlandi, Þór Hreinsson afhenti.
- 2014/58 HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.
- 2014/59 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON, BRIDGE. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2014/60 SIGURJÓN ERLINGSSON, ÁVEITAN Á GALTASTÖÐUM. 0,03 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson afhenti.

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

myndasetur.is

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími

mánudaga til föstudaga kl. 10:00 – 16:00

miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins

Sveinn Steinarsson, stjórnarformaður

Kjartan Björnsson, varaformaður

Svanhvít Hermannsdóttir, ritari

Starfsmenn skjalasafnsins

Posteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður

thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

sævar@heradsskjalasafn.is

Guðlaug Jóna Helgadóttir, ljósmyndasafn

Guðmunda Ólafsdóttir, ljósmyndasafn

